

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um verðmat Deloitte/Oliver Wyman á eignasöfnum nýju bankanna.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvert er verðmat (verðbil) Deloitte/Oliver Wyman á fasteignalánum bankanna til heimila sem hlutfall af höfuðstól?
2. Hvert er verðmat (verðbil) Deloitte/Oliver Wyman á lánum til fyrirtækja sem hlutfall af höfuðstól?
3. Hvernig hefur verðmat á eignum bankanna breyst síðan í október 2008? Hefur það lækkað og þá hversu mikið?

Skriflegt svar óskast.